

## Orðanefnd RVFÍ 70 ára 16. maí 2011

*Ávarp formanns, Bergs Jónssonar, í gestamóttöku í húsi VFÍ.*

Góðir gestir

Rasmus Christian Rask skrifaði við komu sína til Reykjavíkur árið 1813:

„Annars ... held ég að íslenskan bráðum mun útaf deyja, reikna ég að valla mun nokkur skilja hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, en valla nokkur í landinu að öðrum 200 þar upp frá, ef allt fer eins og hingað til og ekki verða ramar skorður við reistar; jafnvel hjá beztu mönnum er annaðhvört orð á dönsku, hjá almúganum mun hún haldast við lengst”.

Jakob Benediktsson skrifaði um þetta fyrir rúmlega hálfri öld og sagði enn fremur:

„Reykjavík var þá hálfdanskt þorp, og Rask sá það rétt, að almúginn til sveita varðveitti tunguna best. En ýmsir íslenskir menntamenn höfðu uppgötvað þennan sannleika um það bil mannsaldri fyrir. Á síðari hluta 18. aldar er fyrst hafist handa um skipulagðar aðgerðir til þess að skapa íslenskan orðaforða um þann fjölda nýrra hugtaka, sem ný þekking samtímans krafðist. Fræðsla var kjörorð þessarar aldar, og forvígismenn fræðslustefnunnar skildu réttilega, að Íslendinga yrði að fræða á íslensku máli. En til þess þurfti að skrifa um fjölmörg efni, sem aldrei hafði verið fjallað um áður á íslensku. Upp af þessum hugmyndum spratt Lærdómslistafélagið og útgáfustarfsemi þess ...“

Fjölismenn beindu þróun íslensks ritmáls inn á nýja braut: Annarsveggar héldu þeir fast við stefnu 18. aldar manna að hreinsa málið, losa það við sem mest af nýjum tökuorðum, en hinsvegar leituðu þeir nýs orðaforða ekki einungis í gömlum bókum, heldur engu síður í lifandi máli almennings.

Þessir menn (og aðrir lærdómsmenn) voru allir vel heima í íslenskum fornbókmenntum og sumir hálærðir á því sviði, en þeir einblíndu ekki á þær sem fyrirmynd, þeir sóttu þangað að vísu nokkuð af þeim orðaforða málsins sem óvirkur var orðinn, en þeir blönduðu hann hinum virka og lifandi orðaforða íslensks alþýðumáls ..... Og þeir voru nógu uppreisnargjarnir og kjarkmiklir til að þverbrjóta þá stílhefð sem ráðið hafði ríkjum í íslensku prentmáli. Með þessum aðferðum lögðu þeir grundvöllinn að íslensku nútímaritmáli.

Á sömu undirstöðum byggði Jón Sigurðsson og samherjar hans í sjálfstæðisbaráttunni, þegar þeir sköpuðu íslenskri tungu pólitískt orðafar í nútímaskilningi ..... Jón gerði (þó) aldrei tilraun til að stæla fornan stíl, hann fór sínar eigin götur, skrifaði sitt eigið samtíðarmál.

Upp úr miðri 19. öld eignumst við eina dýrmætustu heimild okkar um íslenskt alþýðumál: Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Þar fáum við ljósari mynd af orðafari alþýðu manna úr öllum landshlutum en við eigum kost á annars staðar. Þar hefur ólíkasta fólk átt hlut að: prestar, skólasveinar, bændur og vinnufólk, bæði konur og karlar, allt niður í unglunga og börn.

Þjóðsögurnar staðfesta, að orðaforði alþýðu manna hefur varðveist ótrúlega lítið blandaður erlendum áhrifum fram á 19. öld.

Erlend tökuorð frá síðari tímum eru annarsvegar nokkur orð úr guðsorðamáli, hinsvegar dálítið af orðum úr verslunarmáli og handiðna. Hvort tveggja er eðlilegt: Lagamálið býsna dönskuskotið, kaupmenn lengi vel einráðir um verslunina og handverksmenn margir lærðir í Danmörku. Talsverðar leifar hinna erlendu áhrifa héldust fram á tuttugustu öld, ekki síst í máli iðnaðarmanna (og í sjávarútvegi).”

Hér lýkur tilvitnunum í langa ritgerð Jakobs Benediktssonar.

Verkfræðingafélag Íslands var ekki gamalt, og félagar þess voru ekki margir, þegar þeir fengu Dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði til að halda fyrirlestur um nýyrði í íslenskri tungu 30. október 1918. Fyrirlesturinn vakti athygli verkfræðinganna og áhuga og var prentaður í Tímariti Verkfræðingafélagsins 1918 og gefinn út sérprentaður 1919. Á fundinum með Dr. Birni var stjórn Verkfræðingafélagsins falið að gera tillögur um “söfnun teknískra íslenskra heita”.

Verkfræðingar sýndu með þessu hvern hug þeir báru til íslensks máls, og að þeir vildu auðga tunguna með tækniorðum, sem lytu reglum hennar um orðmyndun og málfræði. Stjórn VFÍ lét ekki bíða lengi eftir ákvörðun. Guðmundur Finnbogason prófessor og síðar landsbókavörður, Sigurður Nordal prófessor og Geir G. Zoëga vegamálastjóri tóku sæti í nefnd, sem í fyrstu var nefnd „málhreinsunarnefnd” en nefndarmenn sjálfir kölluðu Orðanefnd Verkfræðingafélagsins. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 14. október 1919, um það bil einu ári eftir fyrirlestur Dr. Björns í félaginu.

Hér verða ekki rakin störf Orðanefndar VFÍ, sem starfaði af miklum krafti frá október 1919 til ársloka 1926. Þeir komu saman á um 150 fundum á þessum árum en aðeins á tveimur fundum síðar. Svo virðist sem Geir G. Zoëga hafi ekki sótt fundi nefndarinnar, en málfræðingarnir leituðu til sérfróðra manna eftir því sem við átti hverju sinni í orðasöfnuninni. Aðalráðunautar nefndarinnar í raftæknimálum voru þeir Steingrímur Jónsson og Guðmundur Hlíðdal. Einnig er skylt að minnast þáttar Jakobs Gíslasonar, fyrsta rafmagnseftirlitsstjóra ríkisins, sem skrifaði fyrstu íslensku reglugerðina um raforkuvirki og fjallaði um rafyrði hennar við nefndarmenn í febrúar 1933. Það var síðasti fundur Orðanefndar VFÍ.

Allmörg ár líða og orðanefndarstörf liggja niðri. Í Verkfræðingafélaginu voru einungis 13 rafmagnsverkfræðingar, þegar þeir stofnuðu sérdeild innan VFÍ, Rafmagnsverkfræðingadeild VFÍ, hinn 7. febrúar 1941. Fyrsti aðalfundur deildarinnar var haldinn 16. maí 1941. Þá var kosin fyrsta stjórn deildarinnar með Jakob Gíslason sem formann, og að aðalfundarsörfum loknum var fyrsta mál á dagskrá að kjósa þriggja manna orðanefnd sem hefði það hlutverk að safna saman “orðum, sem til væru í rafmagnsfræðinni”. Kosningu hlutu Gunnlaugur Briem, Steingrímur Jónsson og Guðmundur Marteinson. Gunnlaugur hlaut flest atkvæði og var formaður. Guðmundur Hlíðdal og Jakob Gíslason, sem báðir höfðu starfað með orðanefnd Verkfræðingafélagsins voru í stjórn hinnar nýstofnuðu deildar, og kann það að hafa valdið því að þeir voru ekki kosnir í orðanefndina. Þetta lýsir vel hug rafmagnsverkfræðinga á þessum árum til íslenskrar tungu. Athyglisvert er, að 6 af 13 stofnendum RVFÍ tóku beinan þátt í störfum orðanefnda VFÍ og RVFÍ, og vitað er um fleiri rafmagnsverkfræðinga úr hópi

stofnenda deildarinnar sem höfðu áhuga á íslensku tæknimáli og lögðu því lið með orðum og gerðum, þó að ekki yrðu þeir kosnir í Orðanefnd RVFÍ.

Rafmagnsverkfræðingar beittu sér fyrir stofnun Ljóstæknifélags Íslands, og var stofnuð orðanefnd innan félagsins 1958, eingöngu skipuð rafmagnsverkfræðingum, m.a. þeim Jakobi Gíslasyni og Steingrími Jónssyni. Orðanefnd Kjarnfræðafélags Íslands, var stofnuð 1959. Þar áttu sæti tveir rafmagnsverkfræðingar, Steingrímur Jónsson og Björn Kristinsson. Hvor nefnd starfaði í nokkur ár.

Fram til ársins 2000 höfðu 37 verkfræðingar starfað innan orðanefndar RVFÍ í stuttan tíma eða langan. Sjö af níu núverandi nefndarmönnum hafa hver starfað meira en aldarfjórðung að málræktarmálum innan nefndarinnar, allt upp í rúm 42 ár. Hinir tveir hafa starfað í meira en 10 ár. Af þessum tölum má sjá, að störf í orðanefnd eru skemmtileg og gefandi. Sjö fyrrverandi nefndarmenn, sem nú eru látnir, störfuðu allt frá 10 árum upp í 39 ár innan nefndarinnar og unnu henni vel á meðan þeir lifðu. Þeir voru sumir áður búnir að vinna þýðingarmikil störf að söfnun íðorða og mikilvægum undirbúningi fyrir stofnun nefndarinnar. Við minnumst þeirra allra á þessum tímamótum með þökk fyrir framlag hvers og eins.

Afköst Orðanefndar RVFÍ koma fram í u.þ.b. 17.000 íðorðum, sem birst hafa í 17 bókum hennar frá árinu 1952. Nefndin hefur lengi búið að þeim góða kosti að geta stuðst við orðasafn Alþjóðlegu raftækninefndarinnar, IEC. Það er gefið út í Sviss með skilgreiningum á hugtökum raftækninnar á tveimur til fjórum tungumálum og íðorðum á fjölmörgum tungumálum yfir viðkomandi hugtak. Þrátt fyrir þrotlausa vinnu vikulega undanfarna 70 ár eru enn óþrjótandi verkefni framundan. Sífellt bætast við nýir eða endurskoðaðir orðakaflar frá IEC, og sem stendur er ORVFÍ að bæta nýjum köflum við orðasafn sitt og jafnframt að endurskoða fyrri íðorð sín, sem kunna að hafa breyst eins og ekki er óeðlilegt í hverju tungumáli. Nefndin hefur komið saman á fimmtudögum undanfarna áratugi, 2 til 3 tíma hverju sinni og hefur fimm sinnum náð því að komast upp í 40 fundi eða fleiri á ári. Skyld er að geta þess, að orðanefndarmenn hafa aldrei þegið laun fyrir vinnu sína í orðanefndinni. Við höfum notið velvildar og rausnar Orkustofnunar marga áratugi. Fyrir þann stuðning við starf okkar þökkum við forsvarsmönnum stofnunarinnar hjartanlega. Auk þess hafa ýmsar góðar hjálparhellur, einstaklingar, hjálpað til við boðun og undirbúning funda. Þessu fólki og að sjálfsögðu meðnefndarmönnum mínum innan Orðanefndarinnar í rúmlega 42 ár þakka ég af heilum hug. Margar góðar minningar leita á hugann, sem gera lífið skemmtilegt. Ég óska þess af heilum hug, að Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga eigi eftir að starfa um ókomna framtíð, skipuð mönnum, sem hafa áhuga á og metnað til að efla íslenska tungu með fallegu og skýru raftæknimáli.

**16.5.2011**  
**Bergur Jónsson**